



Dagsetning

13. maí 2008

Alþingi

Erindi nr. P 135/2711

komudagur 14.S. 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fangelsismálastofnun vísar til erindis félags- og tryggingamálanefndar, dags. 22. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010,534. mál.

Í kafla 4.1.4. er fjallað um meðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum. Gert er ráð fyrir að Stuðlar þrói áfram meðferð fyrir þennan hóp brotamanna m.a. á meðferðarheimilum en ekki er fjallað sérstaklega um þann hóp gerenda sem líklegur er til að hljóta dóm, þ.e. einstaklinga á aldrubilinu frá 15 til 18 ára aldurs og ekki fara á Stuðla né meðferðarheimili. Ekki er tekið fram hvaða aðili skuli sinna meðferð slíkra einstaklinga. Tekið er fram að um sérhæft verkefni sé að ræða en ekki er unnt að gera ráð fyrir að sálfræðingar Fangelsismálastofnunar séu sérhæfðir á sviði kynferðisbrota ungmenna. Að mati Fangelsismálastofnunar er brýnt að kveði sé á um hvaða aðili skuli sinna sérhæfðri meðferð þessara brotamanna.

Páll E. Winkel